

Styrja ehf
Depluholar 5
111 Reykjavík

Reykjavík, 14. júní 2023
UST202304-095/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir starfsemi á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Styrju ehf, dagsett 12. apríl 2023, um leyfi til að slá þang innan friðalandsins í Vatnsfirði.

Vatnsfjörður er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 96/1975](#). Mannvirkjagerð og jarðrask og hverskonar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að slá klóþang innan marka friðlandsins í Vatnsfirði innan jarðanna Brjánslæks og Fossár. Allt verkið yrði unnið frá sjó á 3-4 slátturprömmum og kæmu 3-5 starfsmenn að verkefninu. Sláttur færi fram á í september og október 2023 með tilliti til sjávarfalla. Áætlað er að innan friðlandsins yrðu 300-500 kg slegin innan Fossár og 200-400 kg innan Brjánslækjar. Magntölur eru háðar því hvernig þangið kemur undan vetri eftir frost og ís.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 26. apríl 2023 vegna framkvæmdarinnar/verkefnisins. Umsögn Hafrannsóknarstofnunar barst þann 5. maí 2023. Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að athuganir á þangslætti og endurvexti klóþangs eftir skurð bendi til að við slátt með þangsláttuprömmum Þörungaverksmiðjunnar sé innan við helmingur af lífmassa klóþangs að jafnaði fjarlæggt úr fjörunni. Endurvöxtur þangsins við Fossá var mældur frá slætti 2016 þar til 2021, þ.e. í 5 ár, og hafi bent til að eftir þann tíma hafi þangmagnið á slegnum svæðum verið komið í fyrra horf (óbirtar niðurstöður). Nú séu liðin 6 til 7 ár síðan þang var slegið á jörðum Fossár og Brjánslækjar og ætti því þangsins vegna að vera óhætt að slá svæðið. Magnið sem reiknað má með að hægt verði að afla af svæðunum ef allt er í jafnvægi ætti vera nálægt því sama og tekið var á árunum 2016 og 2017 með þeim fyrirvara sem nefndur er í umsókninni um áhrif íss og brims á afkomu klóþangs. Byggt á ofangreindum forsendum gerir Hafrannsóknastofnun því engar athugasemdir við umsóknina.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 8. maí 2023. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að best hefði verið ef hægt væri að sjá á korti það svæði sem er slegið til að átta sig á umfangi þangsláttarins. Tölur um magn í tonnum gefi ekki fullnægjandi mynd um áhrifasvæði framkvæmdarinnar og þar með möguleg áhrif á lífríki. Fyrir utan rask á þangbreiðum og lífríkinu sem þar dvelur geti framkvæmd á slætti einnig valdið

ónæði t.d. fuglalífi. Þar sem slátturinn fer fram að hausti sé þó ekki um viðkvæmasta tíma fyrir fuglalífið að ræða sem sé gott. Klóþang er algengt og sjálfbær nýting á því vel möguleg með góðri stýringu en velta má fyrir sér hvort þangnýting eigi erindi inn í friðlandið í Vatnsfirði ef vel er hægt að komast yfir það magn af klóþangi sem leitað er eftir utan marka friðlandsins. Taka þarf tillit til tilgangs og skilmála friðlýsingarinnar. Þá væri gott ef Umhverfisstofnun gæti fengið betri upplýsingar frá Þörungaverksmiðjunni hvar helstu þarasláttarsvæði í Breiðafirði eru og hvernig þau séu nýtt hverju sinni. Þang- og þarabreiður eru ríkuleg vistkerfi og mikilvæg búsvæði fyrir margs konar lífverur og því nauðsynlegt að tryggja að nýting á þangi og þara sé sjálfbær og sé ekki framkvæmd á sérstaklega viðkvæmum eða verðmætum svæðum sem þola illa áhrif slíkrar nýtingar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins til lengri tíma lítið, miðað við þau gögn sem fyrir liggja um náttúrufar á svæðinu í dag. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og umsögnum fagstofnanna hefur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla annað en að nýting klóþangs innan friðlandsins í Vatnsfirði geti farið fram með sjálfbærum hætti svo framarlega að ekki verði tekið meira magn en tekið var við slátt Styrju ehf. á árunum 2016-2017 og vísar í því tilliti til umsagnar Hafrannsóknunarstofnunar. Hafrannsóknarstofnun vinnur nú að rannsókn sem m.a. mun fela í sér mat á áhrifum þangtekju á lífríki með áherslu á vistkerfi í heild, m.a. á krabbadýr, botndýr, fiska, fugla og spendýr. Þegar niðurstöður þeirrar rannsóknar liggur fyrir mun betur vera hægt að meta áhrif þangsláttar á lífríki friðlandsins Vatnsfjarðar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Styrju ehf fyrir sitt leyti, leyfi fyrir þangslætti innan friðlandsins í Vatnsfirði sbr. lýsingu hér að ofan í september og október 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis, eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Í lok sláttúrutímans skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar með yfirliti yfir magn klóþangs sem slegið var innan friðlandsins og kort sem sýnir hvar slátturinn fór fram.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Að öðru leyti skal haga slættinum í samræmi við reglugerð nr. 90/2018, um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

Leyfi landeigenda/ábúenda þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi er kr. **57.000**. sbr. 29. gr. a. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðstjóri

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur